




Rúst

í Innri Njarðvík

Rúst nr. 60:2 í Reykjanesbæ, Gullbringusýslu

Skýrsla um prufuskurð veturinn 2004



Bjarni F. Einarsson
2004

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 60:2 utan í rúst 60:1 í Reykjanesbæ. Aðal rústin (60:1) á staðnum heitir Arinbjarnarhús, en það er ung rúst sem gæti hafa verið byggð um aldamótin 1900. Teikn. BFE.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Reykjanesbæ

© Bjarni F. Einarsson

Mars 2004

1 Inngangur

Að beiðni Reykjaneshæjar tók undirritaður að sér að grafa þrúfuskurð í gegnum rúst nr. 60:2 í Reykjaneshæ, Gullbringusýslu. Er rústin u.þ.b. í miðju þéttbýlinu, skammt suðvestur af tjörninni.

Aðstoðarmaður við rannsóknirnar var Sandra Sif Einarsdóttir þjóðfræðingur og fornleifafræðinemi. Gröfturinn fór fram dagana 9. - 16. febrúar 2004.

Rústin er á lágrí grasi vaxinni bungu í holti, skammt vestur af leikskóla. Á staðnum voru fjórar rústir skráðar. Sú yngsta þeirra, sem kallast Arinbjarnarhús, eftir manninum sem byggði hana og hafði afnot af húsinu, er ekki eins gömul og aðrar rústir á staðnum. Hafa hús 60:2-4 verið rústir þegar yngsta húsið var byggt um aldamótin 1900.

Veður var með versta móti á meðan á rannsókn stóð, en það kom ekki að sök að öðru leyti en því að það seinkaði rannsókninni ef eitthvað var. Var rigninga- og vindasamt, en hitastig yfir frostmarki. Ekki reyndist vera frost í jörðu.



Mynd 1. Skipulagskort af Innri Njarðvík. Rauður depill sýnir staðsetningu rústanna. Á myndina eru ekki merktar allar fornleifar sem skráðar hafa verið á svæðinu. Teikn. Kanon arkitektar. Viðbót BFE.

2 Markmið rannsóknarinnar

Í sambandi við vinnu að deiliskipulagi á svæðinu kom í ljós að rúst 60:1-4 lenti á lóð með fyrirhuguðu íbúðarhúsi. Í fornleifaskrá eru sumar rústirnar aldursgreindar til tímabilsins 1550 – 1900. Rúst 60:1 er yngri eða frá því um aldamótin 1900. Til að ganga úr skugga um hvort rústirnar væru svo merkilegar að ekki væri verjandi að fara of nærri þeim með byggðina var ákveðið að grafa könnunarskurð í gegnum eina rústina til að freista þess að aldursgreina hana og varpa einhverju ljósi á hlutverk hennar og aldur. Einnig var það markmið rannsókna að kanna hvort eldri rúst kynni að leynast undir.



Mynd 2. Loftmynd með staðsetningu rústa 60:1-4. Einnig sést staðsetning fornleifa nr. 61 sem ekki þótti ástæða til að kanna. Norðan við (ofan við) rústirnar og fast upp að þeim má sjá greinileg rústabrot sbr. mynd 3. Loftmynd. Loftmyndir ehf. Breytingar BFE.

3 Rannsóknin

3.1 Staðhættir og aðferð


Rústirnar eru á berangurslegu holti inni í byggðinni í Innri Njarðvík. Svæðið er í dálitlum halla og er þar misvel gróið og nokkuð þýft (sbr. mynd 2).

Ákveðið var að setja út línu (X 100) þvert yfir rúst 60:2. Var upphafspunktur línunnar settur við SV – horn fyrirhugaðs skurðar sem grafa átti. Var hann skírður X 100 Y 100. Lína X 101 Y 100 – X 101 – Y 103 var teiknuð og síðar mæld inn í landskerfið. Staðsetning X101 Y 100 er: E 327878.0290 N 390578.5537. Hæð punktarins er 11.9199 m.y.s. Staðsetning X 101 Y 103 er: E 327880.4651 N 390580.3035. Hæð hans er 11.8553 m.y.s.

Hæðarpunktur var ákveðinn á jarðföstum steini skammt ANA af rústinni, rétt utan við gerðið (nr. 60:3). Var áætlað að hæð hans yfir

sjávarmáli væri 20 m. Þessi punktur var síðar hæðarmældur í raunhæð og reyndist hæð hans vera í kerfi Reykjanesbæjar 12.0703 m.y.s. Allar tölur sem birtar eru á teikningum eru skv. eigin hæð og eru því 7.9297 m of háar miðað við raunhæð. Nákvæm staðsetning hæðarpunktsins var mæld inn í landskerfið og er hún: E 327886.0670 N 390587.0329.

Könnunarskurðurinn var 1 x 3 m langur (A – V). Var grafið niður á dautt (þ.e.a.s. niður fyrir neðstu og elstu mannvistarlög).



Mynd 3. Rúst 60:1-4 skv. fornleifaskrá. Teikningin er ekki nákvæm, heldur sýnir hún innbirðis afstöðu, stærð og stefnu skv. áttavita. Teikn. BFE.

Gripir voru mældir inn hver fyrir sig og hæð þeirra einnig. Engin jarðvegssýni voru tekin að þessu sinni og aðeins náðist í eitt viðarkolasýni úr gólfi hússins. Var það sent í viðargreiningu til Alf Bráthens viðarfræðings í Trollhättan í Svíþjóð. Reyndist allur viður, sem greinanlegur var, vera úr betula (birki). Í sýninu voru einnig rótarþræðir og ögn sem var annað hvort gras eða skordýraleifar. Ekki þótti ástæða til að senda sýnið í geislakolsaldursgreiningu (C-14) að svo stöddu.

Teknar voru litskyggjur og stafrænar myndir.


Prufuskurðurinn var teiknaður í plani í mælikvarðanum 1:20. Eitt snið var teiknað í sama mælikvarða þvert yfir skurðinn norðanverðan. Rúst 60:2 var teiknuð í heild sinni í mælikvarðanum 1:50. Hún er býsna ógreinileg í forminu og sá munur sem á henni er á myndum 3 og 4 stafar af þessu. Á mynd 3 er hún sýnd með hleðslum við norðurgafli, en við nánari athugun virðist ekki hafa verið svo.

Gjóskulög sáust ekki eins og við var að búast í þessum landshluta.


3.2 Prufuskurður

Stærð skurðarins var 1 x 3 m/1,17m³. Var hann u.þ.b. fyrir miðju húsi og var staðsetning hans miðuð við að hún gæfi sem mestar upplýsingar um gerð hússins. Yfirborð skurðarins við SV – horn var 19,82 m.y.s. og mesta dýpt ca. 0,48 m.


Undir grasrótinni varð vart einstakra viðarkolamola og brenndra beina. Lágu þessar leifar í litlum kökum í áfokinu, bæði inni í rústinni og í veggnum.



Mynd 4. Planteikning af rúst 60:2 og staðsetningu könnunarskurðar í henni. Á myndinni sést hluti af rúst 60:1 (Arinbjarnarhúsi), en gerðið austur af rústunum er ekki teiknað inn (sbr. mynd 3). Eigið hnitakerfi er notað á teikningunni, sjá nánar kafla 3.1. Teikn. BFE.



Mynd 5. Planteikning af profuskurði í hús 60:2. Allir gripirnir voru naglar nema nr. 3 sem var pípuhaus. Teikn. BFE.



Mynd 6. Teikning af sniði í profuskurði húss 60:2. Eigið hnita- og hæðakerfi er notað á mynd 5 og 6 sbr. kafla 3.1. Teikn. BFE.

0,24 m undir grasrótinni eða 19.70 m.y.s. kom fyrsti gripurinn í ljós. Var það nagli með þynnu. Þrír aðrir naglar komu í ljós og voru þeir allir með sama lagi, þó misstórir. Í veggnum sjálfum fundust tveir gripir, nagli úr járni (Fnr. 2) og pípuhaus úr hvítleir (Fnr. 3). Veggurinn var úr grjóti og ekkert benti til þess að torf hafi verið notað í vegginn. Innri lína veggjarins markaðist af röð steina og var einn þeirra býsna stór miðað við aðra steina í skurðinum. Ytri rönd veggjarins og innvolsi var öllu ógreinilegri eða óreglulegri. Trúlega hafa steinar úr veggnum verið

fjarlægðir, en greinilegt var að í vegginn vantaði steina. Er það tilgáta mín að steinarnir hafi verið endurnýttir í rúst 60:1 þegar hún var hlaðin, trúlega í lok 19. aldar. Það hefur lokkað þann sem það hús byggði að á staðnum var talsvert af heppilegu hleðslugrjóti og aðföng því léttari. Eldri rústir draga oft að sér yngri rústir einmitt vegna þessa. Mörg dæmi um þetta eru til um allt land.



Mynd 7. Rúst 60:2 fyrir rannsókn. Horft til N. Ljósm. BFE. (Stafrænar myndir nr. 1).



Mynd 8. Rannsókn lokið. Steinaröðin við enda skurðarins er innri vegglinna. Horft til A. Ljósm. BFE (Stafrænar myndir nr. 14).

Gólfíð var nokkuð ógreinilegt þar sem það kom í ljós 19,60 m.y.s. Þykkt þess var á bilinu 1 – 5 sm. Í því voru einstaka viðarkolamolar og brennd bein. Var það nokkuð sendið og lítið eitt af grjóti í því. Lá gólfíð ofan á ljósu rauðbrúnu áfoki og ísaldarruðningi. Gólfíð þynntist eftir því sem nær dró veggnum (sbr. mynd 6). Það var ógreinanlegt á ca. 0,8 m kafla frá veggnum, en það er nánast venja að svo sé, enda mest umferð um miðju hússins.

Í gólfinu var ekkert tað sem benti til þess að í húsinu hafi verið skepnur (kindur eða hestar). Gólfíð var þó ekki nógu afgerandi eða sannfærandi til að vera gólf í eiginlegum mannabústöðum (svo sem í skála, stofum, baðstofum, eldhúsum o.s.frv.). Viðarkolin og brenndu beinin benda til þess að hús með eldstæði til matargerðar hafi ekki verið

langt undan. Er það tilgáta mín að það hús hafi verið áfast húsi 60:2 og liggi nú undir húsi 60:1. Hús 60:4 er sennilega hluti af þessari húsasamstæðu. Hvort hús 60:3 sé hluti af henni eða ekki verður ekkert sagt með vissu að svo stöddu.

Pegar sjálf rústin var skoðuð nánar kom í ljós að talsvert magn af grjóti var í kringum SV – horn hennar. Þar var einnig einhvers konar innskot í innanverðu horninu. Grassvörðurinn var fjarlægður við þetta innskot til að freista þess að finna þar viðarkol, en ekkert slíkt kom í ljós. Annað hvort var ekki farið nógu djúpt eða að þarna hefur verið eitthvað annað en eldstæði, sem er mun líklegra. Þá kemur einna helst til greina einhverskonar jata, líklegast fyrir kú (viðarkol finnast oft í fjósum).

3.3 Gripir og aldur þeirra

Allir naglarnir eru að mestu leyti eins að gerð líkt og fram hefur komið hér að framan. Þeir eru ferstrendir með óreglulegum haus sem trúlega er hnoðaður ofan á legginn. Þeir segja ekkert til um aldur sinn annað en að þeir eru ekki nýlegir (form og rið).

Pípuhausinn (Fnr. 3) má nota að vissu leyti til að aldursgreina. Pípur taka ekki að berast til landsins fyrr en talsvert eftir 1600, enda hefst framleiðsla á þeim í N-Evrópu ekki fyrr en árið 1575 (Margrét Hallgrímsdóttir 1989:56). Líklegt er að pípunar hafi fyrst um sinn aðallega ratað til yfirstéttarinnar, þ.e.a.s. valdsmanna, þjóna kirkjunnar og verslunarmanna. Þær brotnuðu auðveldlega, sérstaklega leggurinn sem styttist jafnt og þétt þar til pípan var talin óbrúkleg. Að lokum enduðu stubbarnir hjá almúganum sem gerðu ekki sömu kröfur um gæði og yfirstéttin.

Pípubrot (hausar og leggir) eru nokkuð algeng á verslunarstöðum, þingstöðum og í þéttbýliskjörnum svo sem á biskupsstólunum, en á bæjarstæðum eru þau ekki ýkja algeng þó þau finnast annað slagið.

Elstu pípunar voru gjarnan með lítinn haus, en þeir stækkuðu með tímanum þegar tóbak varð aðgengilegra og ódýrara. Tóbak og pípur fengu landsmenn gjarnan frá erlendum sjómönnum sem stunduðu veiðar hér við land, en einn helsti verslunarvarningur þeirra var einmitt tóbak og pípur (Sama 1989:56). Hausinn sem fannst í rúst 60:2 telst vera stór, jafnvel mjög stór.


Hausinn hefur þétt punktskreyti við efri rönd og niður við botninn eru upphleyptar rendur sem hafa legið hlið við hlið nær lóðrétt á hausnum en þó dálítið hallandi. Svipar hausnum mjög til hauss sem fannst í Aðalstræti 14 í Reykjavík. Sá haus mun vera yngri en 1764 og

frá Hollandi eða Skandinavíu (Mehler 2002). Hausinn frá Innri Njarðvík er varla eldri en frá því um 1700 og yngri en 1763 ef samanburðurinn stenst.


Pípuhausinn fannst í vegg eða í leifum af vegg. Hann hefur hafnað í veggnum annað hvort þegar húsið var byggt og er því eldri en sjálft húsið, eða eins og er líklegra, að hann hefur hafnað í veggnum þegar hluti hans var rifinn niður til að nota grjótið í rúst 60:1. Hann hefur m.ö.o. flust til við umrótið sem þá varð og er því samtíða rústinni sjálfri. Nagli (Fnr. 2) fannst einnig í veggnum og hefur hafnað þar af sömu ástæðu og pípuhausinn. Aðrir naglar fundust í fyllingu eða áfoki ofan á gólfinu í húsinu. Þeir gætu verið úr hluta af yfirbyggingu hússins. Pípuhausinn gæti hafa leynst þar.

3.4 Um hlutverk hússins

Hús 60:2 var ekki fjár- eða hesthús. Það var heldur ekki smiðja. Viðarkolamolarnir og brenndu beinin benda til þess að manneskjur hafi hafist eitthvað við í húsinu og borið með sér viðarkolamola og bein úr húsi í nánasta nágrenni. Húsið gat hafa verið einhvers konar geymsla (búr) og ekki hægt að útiloka að það hafi verið fjós þó ekki hafi verið vart við hefðbundinn flór. Sjálfst aðalíveruhúsið (baðstofan?), þaðan sem viðarkolin og brenndu beinin væru upprunnin, gat hafa verið áfast húsi 60:2 að vestanverðu. Þar stendur nú yngra hús (hús 60:1). Hefur það þá verið byggt ofan í aðalíveruhúsið og efni í nýja húsið fengið úr veggjum þess gamla. Algengt var að byggja hús ofan á eldri minjar einmitt til að spara sér aðföng á efni.



Mynd 9. Yfirlitsteikning af Jónsbúð í Hafnarfirði. Teikn. BFE.



Mynd 10. Grunnteikning af þurrabúðinni Jónsbúð í Hafnarfirði. Teikn. BFE.

Stærð hússins, og annarra rústabrota undir rúst 60:1 og lögun, líkist einna helst verbúðum eða þurrabúðum¹, sem algengar voru víða um land svo sem á Snæfellsnesi og Reykjanesi. Útgerð frá Innri Njarðvík hefur hafist snemma. Þar var bæði heimræði og viðleguver þar sem aðkomu sjómönnum var fengið húsaskjól á býlum í grennd við verstöðina (Kristján Sveinsson 1996:80). Við verstöðina hafa örugglega risið þurrabúðir þar sem karlmaður hefur fengið að hýrast skepnulaus gegnt því að róa með bónda og aðstoða við ýmis önnur störf á bænum. Stundum fengu þurrabúðarmenn að hafa einhverjar skepnur og stundum voru þeir giftir eða í sambúð. Smám saman þróuðust sumar þurrabúðir því í það að vera einhvers konar hjáleigur eins og Þýskubúð og Jónsbúð í landi Straums í Hafnarfirði (Bjarni F. Einarsson 1999) og Bakkabúð og fleiri búðir við Búðir á Snæfellsnesi (Guðlaugur Jónsson 1995:115).

Eina vandamálið við þurrabúðartúlkunina á rúst 60:2 er að rústin er býsna langt frá sjó miðað við aðrar þurrabúðir. Því er ekki hægt að útiloka að rústin kunni að vera leifar af litlu koti, eða tómthúsi, jafnvel fyrir einsetumann eða konu. Í Sögu Njarðvíkur (1996) segir svo um ábúendur og afkomu á seinustu áratugum 18. aldar:

Eins og vænta mátti réði árferði til sjávarins mestu um það hversu margbýlt var í Njarðvík. Í góðum aflaárum fjölgaði hjáleigum og tómthúsum, en fækkaði þegar miður gekk. Einkum var tómthúsbyggðin viðkvæm, en íbúar


¹ Þurrabúð eða þurr búð var heimili einhvers sem ekki hafði skepnur (kýr eða kindur) og þar af leiðandi ekki mjólkurnytjar.

þeirra höfðu ekki grasnyt og gátu ekki haldið búfénað. Grasbýlin héldust miklu frekar. (1996:87).

Hvort heldur var um þurrabúð, tómthús eða kot að ræða, er hægt að ganga út frá því sem vísu að lögun og efniviður húsanna hafi verið að mestu leyti eins. Dæmi eru um að hjáleigur hafi verið kallaðar þurrabúðir eins og Jónsbúð og Þýskubúð hér að ofan sýnir. Einhver ruglingur kann að hafa verið á því hvenær tómthús var kot eða hvenær kot var þurrabúð o.s.frv. Getur jafnvel verið að munur hafi verið á þessum heitum eftir landshlutum.

Þurrabúðir og tómthús komu og fóru, skiptu um nafn þegar íbúaskipti urðu, lögðust af um skemmri eða lengri tíma og rötuðu sjaldnast í opinber skjöl eða jarðabækur. Rústin sem þessi skýrsla fjallar um hlaut slík örlög.

Tvö kot, Forna Lá í Eyrarsveit og Sandártunga í Þjórsárdal, eru nokkuð frábrugðin rústinni í Innri Njarðvík. Veggir eru mun þykkari í þessum rústum og tvær raðir húsa eru þar sambyggðar, fram- og bakhús (Kristján Eldjárn 1951). Forna Lá er sennilega frá 1450 – 1550 og Sandártunga fór í eyði 1693. Samanburður við þessi tvö hús bendir til þess að rústin í Innri Njarðvík sé ekki af kotbýli.



Mynd 11. Teikning af kotbýlinu Arnarnes í Garðabæ. Þetta er dæmi um þurrabúðargerð yngri. Teikn. E. Sacher (Hörður Ágústsson 1998:44).



Mynd 12. Purrabúð á Búðum á Snæfellsnesi (Hörður Ágústsson 1998:48). Myndin er tekin í lok 19. aldar. Trúlega er þetta Bakkabúð svokölluð. Þarna má sjá misgömul hús hlið við hlið. Þau til vinstri gætu verið af þurrabúðargerð eldri eða blöndu af henni og þeirri yngri. Þau til hægri eru af þurrabúðargerð yngri. Um 1915-20 er búið að fella eldri húsin sbr. ljósmynd í Sögu Búða (Guðlaugur Jónsson 1995).

Það er því tilgáta mín að rúst 60:2 sé leifar af þurrabúð eða tómthúsi frá því um 1650 – 1750. Mætti kalla hús þetta dæmi um þurrabúðargerð eldri (Hörður Ágústsson 1998:47), en Jónsbúð er dæmi um þurrabúðargerð yngri sem þróaðist upp úr eldri gerðinni. Þessi þróun átti sér stað í lok 19. aldar (Hörður Ágústsson 1998:47, 48: mynd 98-99). Steinbæirnir svokölluðu, sem reistir voru í Reykjavík og nágrenni, eru að mörgu leiti sniðnir upp úr Þurrabúðargerðum yngri (Sami 1998:307).

Gólfíð í rúst 60:2 líktist einna helst gólfi í húsi IV á Fífilbrekku, en það var túlkað sem búr eða baðstofa. Hús þetta var byggt 1912 af eldri hjónum og var búið í því til ársins 1921 (Bjarni F. Einarsson 2000).

4 Niðurstaða

Undir stærstu og mest áberandi rústinni á staðnum eru leifar af rústum sem sennilega eru leifar af þurrabúð eða tómthúsi frá 18. öld. Hús þetta eða heimili hefur ekki ratað í heimildir eins og algengt var um hús af þessu tagi. Saga þess var sennilega stutt, kannski nokkrir

áratugir, sem gat þýtt að það *lenti* á milli manntala og af þeim sökum ekki komist á bókfelli.

Aðalhluti hússins, baðstofan eða eldhúsið, liggur sennilega undir aðal rústinni (60:1) og gæti verið eyðilagður vegna þess. Um það verður þó ekkert sagt með vissu án rannsóknar.

Minjagildi rústarinnar fer eftir því hve mikið er eftir af henni undir 60:1. Um það verður ekkert sagt með vissu án þess að grafast fyrir um það í orðsins fyllstu merkingu. Sé það hús farið er minjagildið takmarkað. Sé það hins vegar að mestu leyti óskaddað og komi í ljós að þar er baðstofu eða íveruhús að finna er minjagildir hátt. Sé svo er mælt með því að ekki verði byggð hús í næsta nágrenni rústarinnar og a.m.k. 20 m svæði í kring um hana verði óraskað og tryggt að hún verði ekki fyrir raski.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Jónsbúð. Prufuholugröftur í þurrabúð við Straumsvík.* Fornleifafræðistofan 1999.
- Sami. *Fífilbrekka. Hjáleiga frá 20. öld. Skýrsla um prufuholugröft sumarið 2000.* Fornleifafræðistofan 2000.
- Sami. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Innri Njarðvíkur, Gullbringusýslu. 1. áfangi.* Fornleifafræðistofan 2003.
- Fornleifaskrá Íslands.* Fornleifafræðistofan.
- Guðlaugur Jónsson. *Saga Búða og Hraunhafnar.* Reykjavík 1995.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingaarfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 - 1940.* Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1998.
- Jarðabók Páls Vídalíns og Árna Magnússonar.* Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Kristján Eldjárn. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1949-50.* Reykjavík 1951.
- Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur.* Reykjavík 1996.
- Margrét Hallgrímsdóttir. *Viðey. Fornleifarannsóknir 1988 – 1989.* Ritroð Árbæjarsafns 1. Reykjavík 1989.
- Mehler, Natascha. „Tabak und Tonpfeifen in Island im 18. Jahrhundert am Beispiel der Funde aus Reykjavik, Aðalstræti.“ *Knasferkopf Fachzeitschrift für Tonpfeifen und historischen Tabakgenuss.* Band 15. 2002.
- Þjóðminjar á Íslandi.* Lög, reglugerð, skipurit, stefnumörkun. Þjóðminjasafn Íslands 1998.
- Örnefnaskrá. Innri Njarðvík. Handrit. Örnefnastofnun.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst nr. 60 í Reykjanesbæ, Gullbringusýslu.

Verkkaupandi:

Reykjanesbær.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

6. febrúar 2004.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Sandra Sif Einarsdóttir, Þjóðfræðingur og fornleifafræðinemi

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands.

Rannsóknartími:

Frá 9. – 16/2 2004 (með hléum).

Hnitakerfi:

Eigið (Síðar mælt inn í landkerfið).

Hæðarkerfi:

Eigið (Síðar mælt inn í kerfi Reykjanesbæjar).

Grafinn flötur:

3 fermetrar og ca. 1,17 rúmmetrar.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Fornleifavernd ríkisins til geymslu. Gripir verða færðir Þjóðminjasafni Íslands til forvörslu og geymslu.

Skrár:

Fundaskrá

Stafrænar myndir

Litskyggnuskrá

Sýnaskrá